



### **Tillaga um ráðningu forstöðumanns Nausts.**

Staða forstöðumanns Nausts var auglýst (sjá meðfylgjandi) á Alfred.is og heimasíðu Langanesbyggðar. Umsóknarfrestur var til 24. mars. Fjórar umsóknir bárust en tvær voru dregnar til baka eftir að viðkomandi umsækjendum var bent á að lágmarkskunnáttu í íslensku þarf til að gegna starfinu. Umsækjandi nr. 1 hefur lágmarks kunnáttu í íslensku en ekki næga til að sinna starfinu að mati sveitarstjóra.

Sveitarstjóri leggur til að umsækjandi nr. 2, Silvía Jónsdóttir verði ráðin til starfans. Hún hefur mikla reynslu af mannlegum samskiptum og víðtæka reynslu úr atvinnulífinu. Meðfylgjandi er ferilskrá og kynningarbréf Sylvíu. Eftir samning við HSN um hjúkrunar- og læknaþjónustu var ekki krafist menntunar í hjúkrunarfræðum heldur góða almenna menntun og sérstök áhersla lögð á góða framkomu og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Allir fjórir meðmælendur sögðu umsækjanda sterka á þeim sviðum sem krafist var í auglýsingu.

Ennfremur óskar sveitarstjóri eftir heimild til að leigja Bakkaveg 7 til umsækjanda frá og með 1. maí 2025 til 1. júní 2026. Umsækjandi getur hafið störf þann 1. maí en fráfarandi forstöðumaður er með uppsagnafrest til 1. júní 2025.

---

Björn S. Lárusson  
Sveitarstjóri